# Viðauki við skólasamning fyrir árin 2013-2014 milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Menntaskólans á Egilsstöðum

## a. Markmið

**1. Nemendur:**

a. M: Fjölgun nemenda.
   i. D: Við upphaf haustannar 2014 verði fjöldi nemenda 320 en það er sá fjöldi sem núverandi húsnæði skólans getur rúmað með góðu móti.
   ii. D: Öflugt kynningarátak skólaárið 2013-2014 með áherslu á að kynna nýja skólanámskrá fyrir nemendum 9.-10. bekkja á Austurlandi.
   iii. D: Stefnt er að opnun útbús á Vopnafirði á samningstíma.

b. M: Skólinn tekur þátt í verkefninu „Heilsueflandi framhaldsskóli" sem leitt er á landsvísu af Embætti landlæknis (áður af Lýðheilsustöð).
   i. D: Skólaárið 2012-2013 verður helgað **hreyfingu** og við lok skólaársins hafi skólinn unnið til viðurkenningar í silfri.
   ii. D: Skólaárið 2013-2014 verður helgað **líðan** og við lok skólaársins hafi skólinn unnið til viðurkenningar í silfri.
   iii. D: Skólaárið 2014-2015 verður helgað **geðrækt** og við lok skólaársins hafi skólinn unnið til viðurkenningar í silfri.

c. M: Nemendaþjónusta ME verði efld enn frekar, sérstaklega á fyrstu tveim námsárum nemandans. Áhersla verði lögð á að auka seiglu nemenda.
   i. D: Líðan nemenda batni innan fjögurra ára úr því að 10% (sbr. könnun 2010) finni fyrir vanlíðan í skólanum í 5% vor 2014.
   ii. D: Bætt vinnulag nemenda skili sér í bættum árangri þ.e. fjöldi staðinna eininga hafi aukist um a.m.k. 2% milli haustanna 2010 og 2014.

d. M: Hlúð verði að öflugu félagslífi nemenda og þeim sköpuð góð skilyrði til að skemmta sér án vímuefna.
   i. D: Almenn þátttaka í félagslífi á vegum NME aukist í 75% skv. könnunum skólaárið 2014-2015.
   ii. D: Allar skemmtanir verði áfengis- og vímuefnalausar, einnig dansleikir NME, á samningstímanum.

e. M: Brottfall nemenda fari ekki upp fyrir 5% miðað við fjölda skráðra eininga 15. október og 15. febrúar ár hvert á samningstímanum.

**2. Nám:**

a. M: Innleiðingu skólanámskrár á grundvelli framhaldsskólalaga frá 2008 verði að fullu lokið á samningstímanum.

b. M: Allir nemendur fái fjölbreytt nám við hæfi meðan fræðsluskylda varir og geti útskrifast með framhaldsskólapróf eða stúdentspróf.
   i. D: Hlutfall þeirra nemenda sem innritast á framhaldsskólabraut og ljúka framhaldsskólaprófi (90-120 feiningar) verði 50% innan þriggja ára frá innritun.

ii. D: Hlutfall nemenda sem innritast á stúdentsbrautir og ljúka stúdentsprófi innan 5 ára verði 80%.

c. M: Fjölbreytni námsframboðs verði aukin með fleiri námsbrautum.
   i. D: Lögð verður drög að umönnunarbraut á vorönn 2013.
   ii. D: Endurskoðun framhaldsskólabrautar verði lokið í maí 2013.
   iii. D: Unnið að 4. þreps listnámsbraut árið 2013 í samvinnu við Austurbrú og LHÍ.
   iv. D: Boðið upp á nám í matartækni skólaárið 2013-2014 í samvinnu við aðra framhaldsskóla á Austurlandi.
   v. D: Tónlistarbraut til stúdentsprófs verði undirbúin á árinu 2013 og brautin send ráðuneyti til staðfestingar í ársbyrjun 2014.

3. **Kennsla:** (Menntun kennara, gæði kennslu, mat og úrræði, námsmat).
   a. M: Aðgengi kennara að endurmenntun verði bætt og kröfur gerðar til kennara að þeir sinni endurmenntun kerfisbundið.
      i. D: Framboð endurmenntunar aukið á starfstíma skólans og að minnsta kosti boðið upp á tvö dagslöng námskeið á ári á samningstímanum.
      ii. D: Fyrir haustönn 2014 verði tilbúin sérstök endurmenntunarstefna og -áætlun.
      iii. D: Náms- og kynnisferð til útlanda verði farin a.m.k. einu sinni á samningstímanum.

   b. M: Áhersla verði lögð á fjölbreyttar námsmatsaðferðir með leiðsagnarmat að leiðarljósi.
      i. D: Boðið verði upp á námskeið í námsmati haustið 2014 innan skólans og því fylgt eftir með ráðgjöf.

   c. M: Áfram verði þróaðir nýir kennsluhættir sem voru teknir upp haustið 2011 þar sem lögð er áhersla á verkefnavinnu nemenda í sérstökum verkefnatímum á kostnað fagbundinna tíma kennara.
      i. D: Árangur breyttra kennsluhátta verði metinn reglulega og úttektarskýrsla unnin í lok skólaársins 2014-2015.

   d. M: Hugað verði sérstaklega að gæðum kennslu.
      i. D: Kannanir meðal nemenda í námi og útskrifaðra sýni framfarir í gæðum kennslu þ.e. að 75% nemenda telji kennslu góða eða mjög góða (á móti um 50% 2010).

4. **Stjórnun og skipulag**: (Stefna, skipulag, stjórnunarferlar. Stjórnunarhættir, gegnsæi, upplýsingar. Umbótastarf, gæðakerfi, innra mat og tengsl þess við stefnu skólans. Umhverfisstefna. Starfsmannastefna, samráð, starfsandi.).

   a. M: Stefna, skipulag og stjórnunarferlar eru tilgreind í skólanámskrá.
      i. D: Stefna ME, sem sett var fram 2008, verði endurskoðuð á grundvelli nýrrar námskrár fyrir upphaf skólaársins 2014-2015.
      ii. D: Skipurit og glöggar starfslýsingar settar fram í starfsmannahandbók og á heimsíðu skólans haustið 2014.

   b. M: Stjórnunarhættir, gagnsæi og upplýsingagjöf verði endurmetin fyrir upphaf haustannar 2013.
      i. D: Ferlar upplýsingagjafar innan skólans endurskoðaðir fyrir upphaf haustannar 2013.

ii. D: Hlutfall nemenda sem innritast á stúdentsbrautir og ljúka stúdentsprófi innan 5 ára verði 80%.

c. M: Fjölbreytni námsframboðs verði aukin með fleiri námsbrautum.
   i. D: Lögð verður drög að umönnunarbraut á vorönn 2013.
   ii. D: Endurskoðun framhaldsskólabrautar verði lokið í maí 2013.
   iii. D: Unnið að 4. þreps listnámsbraut árið 2013 í samvinnu við Austurbrú og LHÍ.
   iv. D: Boðið upp á nám í matartækni skólaárið 2013-2014 í samvinnu við aðra framhaldsskóla á Austurlandi.
   v. D: Tónlistarbraut til stúdentsprófs verði undirbúin á árinu 2013 og brautin send ráðuneyti til staðfestingar í ársbyrjun 2014.

3. **Kennsla:** (Menntun kennara, gæði kennslu, mat og úrræði, námsmat).
   a. M: Aðgengi kennara að endurmenntun verði bætt og kröfur gerðar til kennara að þeir sinni endurmenntun kerfisbundið.
      i. D: Framboð endurmenntunar aukið á starfstíma skólans og að minnsta kosti boðið upp á tvö dagslöng námskeið á ári á samningstímanum.
      ii. D: Fyrir haustönn 2014 verði tilbúin sérstök endurmenntunarstefna og -áætlun.
      iii. D: Náms- og kynnisferð til útlanda verði farin a.m.k. einu sinni á samningstímanum.

   b. M: Áhersla verði lögð á fjölbreyttar námsmatsaðferðir með leiðsagnarmat að leiðarljósi.
      i. D: Boðið verði upp á námskeið í námsmati haustið 2014 innan skólans og því fylgt eftir með ráðgjöf.

   c. M: Áfram verði þróaðir nýir kennsluhættir sem voru teknir upp haustið 2011 þar sem lögð er áhersla á verkefnavinnu nemenda í sérstökum verkefnatímum á kostnað fagbundinna tíma kennara.
      i. D: Árangur breyttra kennsluhátta verði metinn reglulega og úttektarskýrsla unnin í lok skólaársins 2014-2015.

   d. M: Hugað verði sérstaklega að gæðum kennslu.
      i. D: Kannanir meðal nemenda í námi og útskrifaðra sýni framfarir í gæðum kennslu þ.e. að 75% nemenda telji kennslu góða eða mjög góða (á móti um 50% 2010).

4. **Stjórnun og skipulag**: (Stefna, skipulag, stjórnunarferlar. Stjórnunarhættir, gegnsæi, upplýsingar. Umbótastarf, gæðakerfi, innra mat og tengsl þess við stefnu skólans. Umhverfisstefna. Starfsmannastefna, samráð, starfsandi.).

   a. M: Stefna, skipulag og stjórnunarferlar eru tilgreind í skólanámskrá.
      i. D: Stefna ME, sem sett var fram 2008, verði endurskoðuð á grundvelli nýrrar námskrár fyrir upphaf skólaársins 2014-2015.
      ii. D: Skipurit og glöggar starfslýsingar settar fram í starfsmannahandbók og á heimsíðu skólans haustið 2014.

   b. M: Stjórnunarhættir, gagnsæi og upplýsingagjöf verði endurmetin fyrir upphaf haustannar 2013.
      i. D: Ferlar upplýsingagjafar innan skólans endurskoðaðir fyrir upphaf haustannar 2013.

ii. D: Starfsmannahandbók frá 2004 endurútgefin fyrir lok haustannar 2013.

c. M: Starfsmannastefna frá 2008 verði endurskoðuð fyrir lok vorannar 2013 m.a. út frá fyrirliggjandi könnunum varðandi viðhorf og líðan kennara.
   i. D: Mælanlegir vísar er varða viðhorf og líðan verði settir fram fyrir upphaf haustannar 2014.

d. M: Umhverfisstefna skólans verði endurskoðuð skólaárið 2013-2014
   i. D: Skólinn öðlist Grænfánann eigi síðar en í maí 2015.

e. M: Jafnréttisstefna- og jafnréttisáætlun skólans frá 2008 verði endurskoðuð fyrir upphaf skólaársins 2013-2014.

5. **Fjármál, rekstur og aðbúnaður:**
   a. M: Rekstur skólans sé innan ramma fjárlaga hvers árs fyrir sig á samningstímanum.

   b. M: Aðstaða verði bætt til verkefnabundins náms skv. nýrri skólanámskrá.
      i. D: Skólaárið 2013-2014 verði stofur fyrir verkefnatíma búnar húsgögnum, sem gera námsumhverfið meira aðlaðandi samkvæmt nemendakönnunum.

   c. M: Rekstargrundvöllur heimavistar og mötuneytis verði endurskoðaður fyrir upphaf skólaárs 2014-2015.
      i. D: Rekstur mötuneytis standi undir sér sérhvert skólaár á samningstímanum og skili um 500 þús. árlega í varasjóð.
      ii. D: Nýtingarhlutfall heimavistar verði ekki undir 75% á haustönnum og 60% á vorönnum á samningstíma.